

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um starfandi lögreglumenn.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

1. Hver er heildarfjöldi starfandi lögreglumanna á landinu?
2. Hvert er hlutfall menntaðra og ómenntaðra lögreglumanna?
3. Hver hefur þróun fjölda starfandi lögreglumanna verið frá 2008 til 2022?
4. Hefur þróun fjölda lögreglumanna haldist í hendur við fólksfjölgun í landinu og fjölgun ferðamanna á sama árabili?
5. Liggur fyrir þarfagreining um æskilegan fjölda lögreglumanna á landinu í heild og skipt eftir landshlutum?
6. Hefur farið fram mat á mannaflapörf í tengslum við rannsókn mála sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi?
7. Hefur stytting vinnuvikunnar haft áhrif á lögregluna í landinu hvað varðar þörf fyrir fjölda starfandi lögreglumanna sem og á kostnað?
8. Hver er fjöldi starfandi lögreglumanna á Íslandi á hverja 100.000 íbúa í evrópskum samanburði?
9. Hverjar hafa óskir lögreglustjóra á landinu verið til stjórnvalda um aukinn mannafla á áðurnefndu tímabili? Hefur þessum óskum um aukinn mannafla verið mætt af hálfu dómsmálaráðherra, og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.